

UMSÓKN UM AÐ HALDA ÖLDUNGAMÓT BLÍ

Til að umsóknin sé gild þarf að fylla **ALLA** reiti út og senda umsóknina til BLÍ og mótshaldara með pósti á bli@bli.is og oldungur@blak.is amk. 21 degi fyrir öldungaping.

Öldungur; Rakel Ármannsdóttir

Blakfélag; HK

Mótsgjald; 60.000ISK

Mótsdagur; 1.-3. maí 2025

Fjöldi blakvalla; 20+

Staðsetning valla/íþróttahúsa;

Kept yrði í Kórnum í Kópavogi á sem flestum völlum eins og við verðum komið m.t.t. aðgengi að dúk til að leggja í knatthúshluta Kórsins. Þannig ættu með góðu móti að vera 13 vellir í Kórnum, þar af sex vellir á parketi og sjö vellir í knatthúsinu. Þetta er sama uppsetning og var 2022 og 2013. Til viðbótar þessum 13 völlum gætum við sett upp fjóra velli í íþróttahúsinu í Digranesi og þrjá velli í Fagralundi. Þetta eru því samtals 20 vellir. Þar að auki er nægt rými til upphitunar og fyrir áhorfendur bæði í Kórnum og í Digranesi. Rýmið fyrir áhorfendur og til upphitunar er til staðar í Fagralundi en það er þó minna en í hinum húsunum tveimur.

Í Kórnum er gott félagssvæði þar sem fólk gæti hitt mann og annan milli þess sem keppni fer fram. Í félagssvæðinu er salur sem rúmar um 350 manns (standandi) og verða fyrirhugaðar kvöldskemmtanir á mótisdögum þar að undanskildu lokahófi sem haldið verður í íþróttasal hússins. Steinsnar frá Kórnum er Salalaug og einnig má geta þess að Kópavogslaug er í vestur hluta bæjarins. Stutt er í alla þjónustu, verslanir og veitingahús. Bæjarfélagið hefur einnig að skipa góðan fjölda gistirýma, hótél, gistihús og „airbnb“ framboðs. Í gegnum árin hefur blakdeild HK verið sigursæl í öllum flokkum inniblaks sem og strandblaks ásamt því sem einstaklingar frá deildinni hafa verið burðarásar í landsliðum Íslands. Deildin hefur að skipa góðan hóp iðkenda á öllum aldri sem munu aðstoða við mótið á einn eða annan hátt. “Eldri” iðkendur eru um 110 talsins og tefldi HK fram 16 liðum í fyrstu til sjöundu deild Íslandsmóts BLÍ ásamt U20 kk 2022-2023, meistaraflokkur telur um 32 einstaklinga sem spila í tveimur liðum í Mizuno deildinni. Yngri iðkendur er um 110 talsins í 2 – 7 flokki. Lið 1. deildar kk og kvk hafa t.d. verið skipuð unglíngum okkar að stórum hluta og mjög mikilvægur liður í uppbyggingarstarfi deildarinnar. Stefna deildarinnar er að efla yngri flokka starfið enn frekar og geta stutt betur við bakið á landsliðs fólkinu og því sækjum við um að halda öldungamót 2025. Það er draumur okkar að mótið geti farið fram „undir sama þaki“ líkt og árið 2022, vissulega áskorun þar sem stórt mót virðist fara stækkandi en við tökum þeirri áskorun fagnandi og hlökkum til að taka á móti skemmtilegum blökurum vorið 2025 í Kórnum.

Hefur umækjandi haldið öldungamót áður? JÁ Síðast árið 2022

Lokahóf: Fer fram á mótsstað í Kórnum. Salurinn rúmar 1.000 matargesti. Að auki er minni salur sem rúmar um 250 manns í sæti á efri hæð hússins sem einnig er hægt að nýta.

Er boðið uppá barna –og/eða unglingastarf hjá viðkomandi blakfélagi? JÁ

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri;

Vel tókst til við að halda öldungamót vorið 2022 í Kórnum og er það von okkar að við getum gert jafn vel árið 2025. Mótið yrði með mjög svipuðu sniði enda iðaði húsið af lífi þessa skemmtilegu daga. Við Kórinn er góð aðkoma og næg bílastæði, í húsinu sjálfu eru tvö stór rými sem vellirnir yrðu á með rými fyrir áhorfendur, búningsklefar í húsinu eru 12 talsins. Þar að auki er mikið pláss í húsinu til að setjast niður, spjalla og njóta samveru og veitinga.

Staður / Dagsetning; 26.04.2023

Staðfesting formanns blakfélags; fyrir hönd stjórnar. Raket Ármannsdóttir